

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Búlgaríu.

Sameiginleg nefnd EFTA og Búlgaríu tók á árinu 1994 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Búlgaríu frá 29. mars 1993, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 2/1995, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/94	01.06.94	Starfsreglur nefndarinnar	01.06.94
2/94	01.06.94	Stofnun undirnefndar sem fer með tolla- og upprunamál	01.06.94
3/94	01.06.94	Breytingar og leiðréttingar á tæknilegum villum í viðaukum og bókunum	01.06.94
4/94	01.06.94	Undanþága frá ákvæði 23. gr. bókunar B	01.07.94

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.